



Hjúkrunarfræðingar/hjúkrunarfræðinemar.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðinga og/eða hjúkrunarfræðinema í sumarafleysingar á hjúkrunardeildirnar Ljósheima og Fossheima.

Ljósheimar er almenn hjúkrunardeild með 20 heimilismenn. Fossheimar er einnig 20 rúma deild sem skiptist í 12 manna almenna deild og 8 manna deild ætluð fólki með heilabilun.

Unnið er á tvískiptum 8 klst. vöktum, þ.e. frá kl.08-16 og 16-24. Unnið er aðra hvora helgi. Á deildunum er unnið eftir Eden stefnunni, sjá nánar heimasíðu okkar HSu.is. Markmið deildanna er að hafa alla starfsemi með heimilislegum blæ þar sem þarfir einstaklingsins eru hafðar í fyrirrúmi og að hver og einn fái að njóta sín á eigin forsendum.

Um er að ræða fjölbreytt starf með skemmtilegu og metnaðarfullu starfsfólki. Á deildunum er mikið lagt upp úr góðri samvinnu allra starfshópa þar sem fagmennska, umhyggja og virðing fyrir skjólstæðingnum og fjölskyldu hans er höfð að leiðarljósi.

Kröfur til starfsins er hjúkrunarfræðinám og starfsleyfi samkvæmt lögum. Hjúkrunarfræðingur vinnur samkvæmt starfslýsingu deildar. Næsti yfirmaður er hjúkrunardeildarstjóri. Hjúkrunaremar skili inn námsvottorði frá viðkomandi skóla.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og stofnanasamningi HSu.

Allar nánari upplýsingar veita Matthildur Róbertsdóttir deildarstjóri Ljósheimum s. 4805210 eða netfang matthildur@hsu.is og Ásta Sigríður Sigurðardóttir deildarstjóri Fossheimum s. 4805190 eða netfang asta@hsu.is

Umsóknarfrestur er til 5. mars 2012.